

Foreldarafélag og foreldraráð

Fundur 19. Nóv 2019

Mættir: Anna leikskólastjóri og gjaldkeri, Ása formaður, Bjarney Anna, Harpa og Torfi Geir.

Málefni fundar:

- Piparkökuskreytingarnar verða 30. Nóvember frá 13:30-15:30. Anna hengir upp auglýsingar í leikskólanum. Ása mun versla inn fyrir daginn og setja inn skoðunarkönnun á facebook hvenær fólk í stjórninni getur verið á staðnum til að aðstoða. Verðum með vaktir frá 13:00-14:30 og svo 14:30-16:00.
- Jólagjafir: Anna er búin að panta bækurnar. Ætlum að pakka þeim inn í brúnan pappír sem hægt er að kaupa í Ikea. Ása, Bjarney og Harpa eru búnar að bjóðast til að kippa bókum með sér heim og pakka þeim inn. Ef eitthver einn hefur tók á að hjálpa líka þá er það vel þegið. Jólaballið í leikskólanum verður fyrir börnin 12. Desember.
- Glaðningur fyrir starfsfólk fyrir jólin. Ætlum að koma með gotterí inná kaffistofu, ákváðum að bjóða uppá veitingar úr bakaríi. Ákveðið nánar í facebookhópnum.
- Gjöf fyrir leikskólan, vantar helst eitthvað sem hentar yngstu börnunum. Anna með nokkrar hugmyndir úr ABC skólavörur eða Krumma. Vill fá að hugsa um þetta og ræða við starfsfólk hvað er mest þörf á.
- Eftir síðasta fund sendi Anna póst um þakkantin sem núna er verið að laga. Verða að vinna í tvær vikur svo vonandi ná þeir að laga sem mest.
- Rætt um að bjóða uppá fræðslufyrirlestur á hverri önn. Nokkrar hugmyndir ræddar.

Ása Jacobsen tók að sér að rita fundinn að þessu sinni þar sem ritarinn var fjarverandi